

II. Samþykkt

101

um fiskiveiðar á opnum skipum í Strandasýslu.

1. grein.

Enginn, sem stundar fiskiveiðar í Strandasýslu, má nota skelfisk til beitu á lóðir á neinum tíma árs, á sjávarsvæði því, sem takmarkast að sunnanverðu af línu, sem hugsast dregin frá Ennishöfða til austurs eptir miði, Hvalsárhöfði samjaðra Ennishöfða, og að austanverðu af línu, sem hugsast dregin til hafs, Tjörnnesborgir í Borgaborgir.

Á ofangreindu svæði má enginn nota silung eða hnísugörn til beitu á lóðir, á tímabilinu frá 1. sept. til 31. desembermán.

2. grein.

Í sjerhverjum hreppi Strandasýslu, nema Bæjarhreppi, sje skipuð 3 manna nefnd; kys hreppsnefndin einn þeirra úr sínum flokki, og skal hann vera oddviti nefndarinnar, en hinir skulu vera formenn, og gengst oddvitinn fyrir því, að formenn þeir, sem uppsátur hafa í hreppnum, sjálfir kjósi þá úr sínum flokki í byrjun hvernar vertíðar; vanræki hlutaðeigendur að mæta á fundi þeim, er boðaður verður í því skyni af hreppsnefndaroddvita, skal hreppsnefndin hafa vald til að skipa menn til starfa þeirra, sem enginn má skorast undan án gildra orsaka, sem hreppsnefndir eru einar bærar um að meta; skal nefnd þessi hafa nákvæmar gætur á því, að því, sem tekið er fram í samþykkt þessari, sje fyllilega hlýtt; verði einhver uppvís að því, eða nefndinni þyki líklegt, að einhver hafi brotið móti samþykktinni, tilkynnir hún það hlutaðeigandi yfirvaldi.

3. grein.

Brjóti nokkur móti samþykkt þessari, varðar það sektum frá 10 til 100 krónum eptir málavöxtum, svo má og gjöra afla upptækan, ef miklar sakir eru.

Helmingur sekta tilfellar fátækra sjóði viðkomandi hrepps, hinn helmingurinn gæzlunefndinni og uppljóðarmanni.

*

*

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi hinn 1. febr. 1889.

Þetta kunngjörst öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 20. okt. 1888.

E. Th. Jónassen.

Ágrip

102

af reikningum sjóða, sem standa undir stjórn amtsráðsins í Vesturamtinu.

Búnaðarsjóður Vesturamtsins 1887.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1886:	kr. a.	kr. a.
a) í rikisskuldabryfum	2500 00	
b) í veðskuldabryfum	8080 00	
c) í peningum	449 20	11029 20
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins 1887		409 70
	flyt	11438 90

	kr.	a.
	fluttar	11438 90
3. Tillag úr landssjóði af fje því, sem veitt er til eflingar búnaði samkvæmt landshöfðingjabrjefi 13. júlí 1885, til búnaðarskólans í Ólafsdal	2466	67
4. Árstekjur af búnaðarskólagjaldinu í Vesturamtinu 1887, samkvæmt greindu landshöfðingjabrjefi og ályktun amtsráðsins, lagðar til búnaðarskólans í Ólafsdal	974	89
5. Uppbót 1 $\frac{3}{4}$ % af leigubreyttu innritunarskýrteini, að upphæð 1500 kr.	26	25
6. Selt kgl. ríkisskuldabryjef, að upphæð 1000 kr.	1000	00
	Tekjur alls	15906 71

Gjöld :

1. Styrkur til búnaðarskólans í Ólafsdal	3877	51
2. Til jafnaðar gegn 6. tekjulið	1000	00
3. Borgað Hermanni búfræðing Jónassyni upp í ferðakostnað hans í Barðastrandarsýslu 1887	20	00
4. Tillag úr búnaðarsjóði til búnaðarskólans í Ólafsdal, eptir ályktun amtsráðsins	198	34
5. Eptirstöðvar við árslok 1887 :		
a) Innritunarskýrteini Ltr. A. Fol. 88	1500	00
b) Veðskuldabryjef einstakra manna	9080	00
c) Ógreiddir vextir	6	00
d) Í peningum	224	00
	Gjöld alls	10810 86
		15906 71

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 15. febr. 1888.

E. Th. Jónassen.

Búnaðarskólagjald í Vesturamtinu 1887.

Tekjur :

1. Eptirstöðvar við árslok 1886 :		
a) í ríkisskuldabryjefum	800	00
b) í veðskuldabryjefum	8300	00
c) í ógreiddum vöxtum	16	00
d) í peningum	60	68
		9176 68
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins 1887	342	04
3. Búnaðarskólagjald 1887	635	53
4. Greitt á árinu upp í höfuðstól	200	00
5. Seld 3 skuldabryjef alls að upphæð 800 kr.	800	00
6. Til jafnaðar gegn 1. gjaldlið	968	00
	Tekjur alls	12122 25

Gjöld :

1. Lánað gegn fasteignarveði og 4% vöxtum	968	00
2. Til jafnaðar gegn 4. og 5. tekjulið	1000	00
3. Greitt til búnaðarskólans í Ólafsdal samkvæmt landshöfðingjabrjefi 19. oktbr. 1885 og ályktun amtsráðsins	974	89
	flyt	2942 89

	fluttar	kr.	a.	102
4. Eptirstöðvar við árslok 1887 :		2942	89	
a) í veðskuldabréfum einstakra manna	9068	00		
b) ógreiddir vextir	34	68		
c) í peningum	76	68	9179	36
			<u>12122</u>	<u>25</u>
	Gjöld alls			

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 15. febr. 1888.

E. Th. Jónassen.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi árið 1887.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári	33	56
2. Tillag Vesturamtsbúa 1886 og 1887	14	00
3. Styrkur úr landssjóði	200	00
	<u>Tekjur alls</u>	<u>247 56</u>

Gjöld:

1. Keyptar bækur fyrir ! .	61	75
2. Bókband	31	15
3. Prentun á bókaskrá	53	08
4. Þóknun fyrir að semja bókaskrá og að gæta bókasafnsins	40	00
5. Eptirstöðvar við árslok 1887	61	58
	<u>Gjöld alls</u>	<u>247 56</u>

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 1. júní 1888.

E. Th. Jónassen.

Á g r i p

af reikningi yfir búnaðarskólagjald í Suðuramtinu 1887.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1886:		
a, í konunglegum skuldabréfum	200,00	
b, í veðskuldabréfum	15200,00	
c, í ógreiddum vöxtum	6,00	
d, í peningum	<u>455,17</u>	15861,17
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins 1887	596,95	
3. Búnaðarskólagjald 1887	885,42	
4. Seld kgl. skuldabréf	200,00	
5. Endurborguð lán	550,00	
6. Til jafnaðar gegn 1. gjaldlið ,	2010,00	
	<u>Tekjur alls</u>	<u>20103,54</u>